

**A.G.A.M., D.N.M., M.K.N., M.Y.H., N.A.N.S., N.M.B., N.M.Y. and S.A. o.fl. gegn Svíþjóð
Dómur frá 27. júní 2013**

Mál nr. 71680/10, 28379/11, 72413/10, 50859/10, 68411/10, 68335/10, 72686/10 og 66523/10

2. gr. Réttur til lífs

3 gr. Bann við pyndingum

Hælisleitendur. Brottvísun. Hætta á manndrápum og ómannúðlegri meðferð.

1. Málsatvik

Kærendur eru tíu í átta málum sem hér verður fjallað um saman. Þeir eru allir íraskir ríkisborgarar, frá Bagdad eða Mosul, búsettir í Svíþjóð. Þeir hafa allir sótt um hæli í Svíþjóð. Málin skiptast í tvo flokka, í tveimur halda kærendur því fram að líf þeirra sé í hættu í Írak þar sem þeir hafi verið í sambandi með konum úr andstæðri hreyfingu innan íslam (sunní og shía). Annar þeirra bendir á að konan sem hann átti í sambandi við hafi verið myrt fyrir að hlaupast á brott með honum. Faðir hins kærandans hefur að hans sögn veitt leyfi til að sonur sinn verði myrtur.

Í hinum sex málunum halda kærendur því fram að þeir sæti ofsóknum og séu í hættu vegna þess að þeir eru kristnir. Í einu málanna var syni kæranda rænt og fannst hann myrtur nokkrum dögum síðar. Í öðru var kæranda sjálfum rænt og mágkona hans myrt. Í öðru var dóttur kæranda rænt en hún slapp. Öðrum kærendum var hótáð að þau yrðu drepin ef þau snerust ekki til íslam. Einn kæranda hélt því einnig fram að líf hans væri í hættu sökum samkynhneigðs sambands, en sá sem hann átti í sambandinu við hefur nú verið myrtur. Einn kæranda vísaði til þess að konu hans og barni hefði þegar verið veitt hæli í Svíþjóð.

Umsóknir allra hælisleitendanna voru teknar fyrir og þeim hafnað af sænskum stjórnvöldum á árunum 2009 til 2012. Var vísað til þess að kærendur gætu flust til annarra héraða innan Íraks eða að vandamál þeirra hefðu tengst því ófremdarástandi sem þar ríkti áður, en ástandið færi nú batnandi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því ýmist fram að þeir ættu á hættu að verða fyrir heiðursmordum eða ómannúðlegri meðferð, pyndingum eða vanvirðandi meðferð yrðu þeir sendir aftur til Íraks. Væru þeir sendir þangað yrði brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 2. eða 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að mál allra kæranda hefðu verið tekin fyrir af sænskum stjórnvöldum og endurskoðun á kærustigi og ákvarðanir um að hafna hælisumsóknunum hefðu verið ítarlega rökstuddar.

Með tilliti til ástandsins í Írak vísaði dómstóllinn til þess að það færi skánandi og heimildir bentu til þess að ástandið eitt og sér óháð aðstæðum einstaklings ylli því ekki að brottvísun til landsins bryti gegn 3. gr. sáttmálans. Því voru mál einstaklinganna skoðuð sérstaklega. Mál þeirra sem áttu í hættu að verða fyrir heiðursdrápum voru metin svo að raunveruleg hætta væri til staðar í héruðunum sem þeir komu frá og yfirvöld væru ekki í stakk búin til að aðstoða þá eða skorti vilja. Hinir kristnu voru metnir sem viðkvæmur minnihluti og í hættu sökum trúar sinnar og stöðu í samfélaginu. Hins vegar mat dómstóllinn í öllum málunum, að flutningar milli héraða innan Írak myndi þjóna sama tilgangi og vera nægjanlegt úrræði til verndar lífi þeirra, hinir kristnu gætu flust til Kúrdistans, en þeir sem áttu yfir höfði sér heiðursdráp gætu flust til annarra héraða.

Sá kærandi sem bar því við að kona hans hefði fengið hæli í Svíþjóð ásamt barni þeirra bar aldrei við friðhelgi einkalífs og fjölskyldu á grundvelli 8. gr. sáttmálans né byggði hann kröfu á þeirri grein. Honum væri hins vegar frjálst að leggja fram nýja kæru fyrir dómstólnum með þeirri málsástæðu.

Í engu tilvikanna taldi Mannréttindadómstóllinn því að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt Mannréttinasáttmálanum.